

Fundargerð

**206. fundur stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs haldinn á fjarfundi,
mánudaginn 9. desember 2024, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Jón Helgi Björnsson, formaður stjórnar,
Guðrún S. Magnúsdóttir, varaformaður stjórnar,
Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Soffía Gísladóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Norðurþings,
Vilhjálmur Jónsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Múlaþings,
Práinn Ingólfsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Benedikt Traustason, aðalfulltrúi náttúruverndarsamataka,
Snorri Ingimarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af Samtökum útivistarféлага,
Ágúst Elvarsson, aðaláheyrnarfulltrúi, tilnefndur af ferðamálasamtökum á svæði
Vatnajökulspjóðgarðs,
Vilhjálmur Árnason, varamaður formanns stjórnar,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, sviðsstjóri stefnu og starfshátta,
Gísli Halldór Halldórsson, sviðsstjóri fjármála og framkvæmda,
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn,
Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar,
Björgvin Valdimarsson, verðandi fjármálastjóri Náttúruverndarstofnunar.

Í upphafi fundar, lagði formaður fram beiðni um að í ljósi þess að umboð stjórnar rennur út um áramót, verði áður boðaður dagskrárliður um fundaáætlun 2025 felldur niður. Tillaga samþykkt samhljóða.

1. Svæðisráð suðursvæðis - 138 - 2411006F

Formaður svæðisráðs suðursvæðis fór yfir fundargerð 138. fundar svæðisráðs suðursvæðis.

2. Svæðisráð norðursvæðis - 112 - 2411001F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð 112. fundar svæðisráðs norðursvæðis.

3. Svæðisráð norðursvæðis - 113 - 2411008F

Formaður svæðisráðs norðursvæðis fór yfir fundargerð 113. fundar svæðisráðs norðursvæðis.



4. Svæðisráð austursvæðis - 130 - 2411007F

Formaður svæðisráðs austursvæðis fór yfir fundargerð 130. fundar svæðisráðs austursvæðis.

5. Náttúruverndarstofnun - staða undirbúnings og vinna við gerð skipurits - 2410027

Sigrún Ágústsdóttir forstjóri Náttúruverndarstofnunar greindi frá stöðu undirbúnings nýrrar stofnunar, nýju skipuriti, endurráðningu starfsfólks og skipun stjórnenda.

Stjórn þakkar góða kynningu og óskar nýjum forstjóra og stofnun velfarnaðar.

6. Stjórnunar- og verndaráætlun - breyting - Vonarskarð vélknúin umferð - verkefnislýsing - 2412008

Sviðsstjóri á sviði stefnu og starfshátta kynnti breytingaferli stjórnunar- og verndaráætlunar í kjölfar samþykktar meirihluta stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs á síðasta fundi, um að hefja ferli breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins varðandi opnun fyrir vélknúna umferð um Vonarskarð til 5 ára í tilraunaskyni.

Lagt fram til kynningar.

7. Skipun stjórnar og svæðisráða 2025 - 2412007

Skipunartíma stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs lýkur um áramót. Af hálfu umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis stendur nú yfir vinna við skipun nýrrar stjórnar og svæðisráða. Farið yfir breytingar á lögum er varða skipan svæðisstjórnar og hlutverk hennar. Umræða um mikilvægi tengingar málefna stjórnar við starfsemi á vettvangi og nærsvæði hans.

Fulltrúi ferðaþjónustunnar gerir athugasemd við vinnubrögð við lagasetninguna, varðandi tilhögun skipunar fulltrúa ferðaþjónustunnar.

Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar fór af fundi.

Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, kom til fundar.
Björgvin Valdimarsson, varðandi fjármálastjóri Náttúrufræðistofnunar, kom til fundar.

8. Leyfisveitingar til atvinnutengdrar starfsemi - staða mála - 2412013

Þjóðgarðsvörður á austurhluta suðursvæðis kynnti niðurstöður samningsgerðar varðandi íshellaferðir og jöklagöngur sem tóku gildi um síðustu mánaðarmót og munu gilda til loka septembermánaðar 2025. Alls bárust 36 umsóknir, sem metnar voru út frá matskvarða sem fylgdi auglýsingu og leiddu til samnings við 30 aðila.

Lögð fram til kynningar svör Vatnajökulspjóðgarðs við andmælum sem bárust við þeirri ákvörðun þjóðgarðsins sem tilkynnt var 23. september sl. að falla frá yfirstandandi auglýsingaferli um íshellaferðir og jöklagöngur.

Stjórn þakkar starfsfólki fyrir vandaða vinnu við samningamál tengd íshellaferðum og jöklagöngum og nú síðast umsóknarferlið og mat á innsendum umsóknum.

Steinunn Hödd fór af fundi.

9. Rekstur - 2024 - 2401025



Fjármálastjóri kynnti stöðu rekstrar eftir fyrstu 10 mánuði ársins.

Rekstur ársins hefur gengið samkvæmt áætlun og er innan fjárheimilda.

10. Gjaldskrá 2025 - 2312021

Svæðisráð hafa farið yfir tillögur stjórnar að breytingum á gjaldskrá milli ára. Rætt um upplifun gesta af gjaldtöku á bílastæðum.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs staðfestir tillögur að gjaldskrá 2025 fyrir sitt leyti og vísar til samþykktar hjá ráðherra.

11. Rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2025 - 2411076

Lögð fram drög að rekstraráætlun Vatnajökulspjóðgarðs 2025, með fyrirvara um fjárheimildir sameinaðrar Náttúruverndarstofnunar sem tekur til starfa um áramót.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 15:30.